

## T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um  
kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002  
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016)

Flutt af biskupi Íslands  
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

### 1. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Biskup Íslands skipar söngmálastjóra til að framfylgja kirkjutónlistarstefnunni og vera ráðgjafi biskups og kirkjustjórnarinnar í málefnum kirkjutónlistarinnar. Söngmálastjóri veitir prestum, organistum, kirkjukórum og öðrum sem að kirkjulegu starfi koma, stuðning, aðstoð og ráðgjöf. sbr. a lið 3. gr. og gegnir formennsku í kirkjutónlistarráði sbr. 6. gr.

Biskup setur söngmálastjóra erindisbréf.

Starfrækja skal Tónskóla þjóðkirkjunnar sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu, sbr. b og c lið 3. gr. Skólinn starfar eftir námsskrá sem kirkjuráð samþykkir.

Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni til að sinna málefninu. Tónskóli þjóðkirkjunnar, söngmálastjóri og kirkjutónlistarráð eru í nánú samstarfi um framkvæmd kirkjutónlistarstefnu sbr. a, b og c lið 3. gr.

### 2. gr.

5. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Tónskólinn heyrir undir kirkjuráð. Kirkjuráð getur samið við kirkjulega aðila, ríki, sveitarfélög eða aðra um þjónustu er skólanum er ætlað að veita skv. 2. gr.

Söngmálastjóri heyrir undir biskup skv. 4. gr. Ákvörðun um fjárheimildir gagnvart Tónskólanum og söngmálastjóra heyrir undir kirkjuráð.

### 3. gr.

6. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Kirkjuráð skipar fjögurra manna fagráð um kirkjutónlist – kirkjutónlistarráð – sem hafi yfirumsjón með kirkjutónlistinni og sé jafnframt stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar. Formaður ráðsins og oddviti er söngmálastjóri. Einnig tilnefnir biskup einn fulltrúa og einn til vara, stjórn

Félags íslenskra organleikara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og stjórn prestafélagsins einn fulltrúa og einn til vara.

Skólastjóri Tónskólans hefur atkvæðisrétt á fundum kirkjutónlistarráðs og tekur virkan þátt í starfi ráðsins gagnvart framkvæmd kirkjutónlistarstefnu sbr. 3. og 4. gr.

Kirkjutónlistarráð ber ábyrgð á að skólinn og söngmálastjóri sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni.

#### *Greinargerð með breytingatillögum*

Eðlilegt er að í starfsreglum sé getið um verkefnisstjóra kirkjutónlistar, en í gildandi reglum er ekkert talað um það starf eða hlutverk þess. Í núgildandi tónlistarstefnu kemur hins vegar starfsheitið söngmálastjóri fyrir. Þar sem tónlistarstefnunni og orðalagi hennar hefur ekki verið breytt er eðlilegt að nota starfsheitið söngmálastjóri í starfsreglum um kirkjutónlist enn um sinn og er þá samræmis gætt milli starfsreglna og tónlistarstefnu að þessu leyti.

Með þessum breytingatillögum er reynt að tryggja að þeir fjármunir sem þjóðkirkjan ráðstafar þessum málaflokki nýtist sem best og að samstarf milli söngmálastjóra, Tónskóla þjóðkirkjunnar og kirkjutónlistarráðs á vettvangi kirkjutónlistar sé tryggt.

Einnig er hér reynt að skýra betur ábyrgðarhlutverk gagnvart ársreikningum og rekstri málaflokksins og koma í veg fyrir ágreining um þau mál. Ríkisendurskoðandi hefur bent á mikilvægi þessa í endurskoðunarbréfi sem fylgir ársreikningi málaflokksins 2015.